

BÍLASALA TIL LEIGU

Ein snyrtilegasta bílasala landsins til leigu. Um 700 bílar á söluskrá. Allt í fullum, blómlegum, rekstri.

Afgreiðsla á bílaleigubílum gæti einnig verið hluti af starfseminni, gegn prósentum – ef vill.

Áhugasamir sendi tilboð til auglýsingadeildar DV fyrir kl. 18. föstudaginn 18. apríl nk. merkt „Góð viðskipti“.

RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS VILL RÁÐA SKRIFSTOFUMANN

Í fullt starf næstu 8 mánuði. Um framtíðarstarf getur verið að ræða. Aðalstarfssviðið er símvarsla, auk léttra almennra skrifstofustarfa. Nokkur kunnátta í ensku talmáli er nauðsynleg vegna samtala við útlönd.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 21340 og að Dunhaga 3 eftir hádegi næstu daga.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist framkvæmdastjóra fyrir 23. þ.m.

Raunvísindastofnun Háskólans



Fangavarsla – sumarvinna

Ráðgert er að ráða fólk til starfa við fangavörslu í fangelsunum að Litla-Hrauni og í Reykjavík í um 3-4 mánuði frá 23. maí nk. vegna sumarleyfa.

Umsóknir um þessi störf skulu berast dómismálaráðuneytinu, Arnarhvoli, fyrir 1. maí nk. og skulu umsækjendur gera grein fyrir menntun og fyrri störfum.

14. apríl 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.



RÍKISSPÍTALARNIR lausar stöður

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar óskast við Geðdeild Landspítalans á eftirtaldar deildir:

Deild 33 A, Landspítala
Deild 28, Hátúni 10 A

Einnig óskast hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar nú þegar og til sumarafleysinga á ýmsar deildir

Skrifstofumaður óskast á skiptiborð Geðdeildar Landspítalans að Kleppi.

Starfsfólk óskast til ræstinga við Geðdeild Landspítala, bæði á Landspítala og að Kleppi.

Upplýsingar um ofangreindar stöður eru veittar á skrifstofu hjúkrunarforstjóra Geðdeildar Landspítalans í síma 38160.

Starfsmaður óskast til ræstinga í dagheimili ríkisspítala, Sólbakka við Vatnsmýrarveg.

Vinnutími eftir kl. 17.

Upplýsingar veitir forstöðumaður dagheimilisins í síma 22725.

Starfsmaður óskast við eldhús Vífilsstaðspítala. Upplýsingar veitir yfirmatráðsmaður í síma 42800.

Reykjavík, 17. apríl 1986.

Menning

Menning

Menning

Heimsborgarar og sveitamenn

Þeir félagar, Daði Guðbjörnsson, Helgi Þorgils Friðjónsson og Kristinn Guðbrandur Harðarson, eru meðal mikilvirkari myndlistarmanna af sinni kynslóð, einkum og sérílagi þeir Daði og Helgi. Þeir halda einkasýningar á hverju ári og þess á milli taka þeir þátt í samsýningum, bæði heima og heiman.

Vandinn er sá að Ísland er eiginlega of lítið fyrir slíka berserki, áhorfendur sljógast fljótt, fá leiða á verkum þeirra og markaðurinn metast. En þeir halda áfram að mála og sýna, geta ekki annað.

Nú hafa þeir Daði, Helgi og Kristinn yfirtekið vestursal Kjarvalsstaða og þakið hann nýlegum málverkum,

teikningum, vatnslitamyndum og skúlptúrum.

Par er nú umhorfs eins og í ævintýri eftir sérstaklega bráðproska og hugmyndaríkt barn. Alls staðar upp-götva listamennirnir hið óvenjulega í hinu venjulega, engin hugdatta er of fátænleg eða kjánaleg til að ekki megi móða eitthvað úr henni eða nota hana í bland með annarri hugdattu. Í verkum Daða dúkkar ómengið skreytiþörfin síðan upp, eins og til að draga úr spennu og léttu lund.

Það hefur ekki lengur neitt upp á sig að draga „nýja málverkið“ inn í umræðu um þessi verk og önnur álika. Sú málralist er (var?) fyrst og fremst hylling til tilfinninganna, átök á striga. Hér sjáum við afleiðingar hins nýja umburðarlyndis, plúralismans, en þar eru öll viðhorf gjaldgeng: úlfurinn sefur með lambinu.

Veruleikinn uppstokkaður

Ekki nóg með það. Listamaðurinn er ekki einungis að miðla viðhorfum heldur einnig að búa sér til myndheim sem lýtur einvörðungu heimatilbúnum lögmálum hans sjálfs.

Í verkum hans er veruleikinn uppstokkaður, verður eins og samansafn leikmuna sem raðast saman eftir því sem tilfinningar, hugarhvarfl og sálarflækjur listamannsins segja fyrir um. Vitund hans sjálfs er aðaldramað.

Það gefur augaleið að þegar hver listamaður er í list sinni orðinn eyland eru talsverðar kvaðir lagðar á áhorfandann, neytandann.

Hann þekkir ekki forsendurnar og getur ekki fundið verkunum stað í viðtekinni hugmyndafræði. Það sem hann sér og það sem hann veit kemur ekki heim og saman.

Er þá myndlistin ekki orðin eins og samsafn af sólóistum? Myndast þá ekki óbærileg óhljóð, kakófónía?

Ekki endilega. Þetta ástand mála neyðir áhorfandann til þess að gefa sérhverjum listamanni meiri gaum en fyrr, í stað þess að reiða sig leikreglur hópsins.


Og þegar verk þeirra Helga og Kristins eru gaumgæfð koma í ljós endurtekingar sem mynda mynstur. Með því að finna orð yfir þau mynstur er áhorfandinn á góðri leið með að „skilja“ betur það sem gerist í myndunum.

Myndgera þversagnir

Þó held ég að myndir þessara



Daði Guðbjörnsson - Faðir og sonur, olíumálverk.




Kristinn G. Harðarson - Skúlptúrar, frauðplast.

Nýtt kver um húsverndun

Torfusamtökin hafa nýverið gefið út vandað kver sem ber nafnið Húsverndun. Í kverinu, sem er 56 síður, eru prentuð erindi þau sem haldin voru á ráðstefnu samtakanna um húsfriðun og húsvernd í nóvember síðastliðnum, auk þriggja greina sem voru sérstaklega skrifaðar fyrir kverið.

Hjörleifur Stefánsson arkitekt, sem er einnig formaður Torfusamtakanna, skrifar hugleiðingar um húsverndun, Hörður Ágústsson listmálari skrifar um íslenska húsfriðunarstefnu, sérkenni hennar og sérstöðu, Þorsteinn Gunnarsson arkitekt ritar um viðhorf arkitekta til endurnýjunar gamalla húsa, Guðrún Jónsdóttir arkitekt skýrir frá því hvernig stuðla má að varðveislu gamallar byggðar, Þorvaldur



Útskurður á Fjalaketinum sáluga þar sem klassísk, norræn og séríslensk stílbrigði mætast.

S. Þorvaldsson, forstöðumaður Borgarskipulags Reykjavíkur, skrifar um Reykjavíkurborg og friðun, Birgir H. Sigurðsson skipulagsfræðingur skrifar um húsafriðun og skipulag borga og Leifur Blumenstein byggingaverkfræðingur segir frá endurbyggðum húsum í eigu Reykjavíkur.

Greininum fylgir fjöldi ljósmynda og uppdratta og hafa margar þeirra aldrei komið fyrir almenningssjónir fyrr.

Hjörleifur Stefánsson er ábyrgur fyrir útliti kversins en Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari sá um ljósmyndavinnu.

Ljóst er að þetta kver á erindi til allra þeirra sem láta sig varða friðun og verndun húsa á Íslandi.

-ai